

1. Allt sem við vitum

Ég vissi ekki hve mikið ég vissi!

Málefni	Mismunun, menntun og tómstundir, heilbrigði og velferð
Þyngdarstig	Stig 1
Aldur	7–13 ára
Tími	2 x 60 mínútna lotur
Hópstærð	4–30 börn
Tegund verkefnis	Klippimynd búin til, umræður
Yfirlit	Börnin skrá þekkingu og hæfni sem tengist ýmsum líkamshlutum inn á útlínmynd af líkamanum. Þau spjalla um hvernig öðlast megi þessa þekkingu og hvað gerist ef þau fá ekki tækifæri til þess eða skortir rétt til þess, eða ef einhver hluti líkamans er ekki rétt skapaður.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að uppgötva bæði eigin og annarra hæfni og þekkingu • Að vekja athygli á hvar og hvernig má fræðast • Að ræða um réttinn til menntunar • Að gera sér grein fyrir því að sumir eru fatlaðir
Undirbúningur	• Safnaðu blöðum og tímaritum
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Stórar pappírsarkir • Merkipennar • Blöð og tímarit sem klippa má myndir úr • Skæri, lím og annað sem þarf til að búa til klippimyndir



Leiðbeiningar

1. Iota:

- Kynntu efnið fyrir börnunum með því að minna þau á að þau njóti þeirra mannréttinda að mega læra og þroskast að vild. Taktu eftir því að þau búa þegar yfir ýmiss konar þekkingu og færni sem þau leiða líklega ekki hugann að. Segðu þeim til dæmis að nefna eitthvað sem þau kunna núna en kunnu ekki þegar þau voru fimm eða sex ára (t.d. að lesa, skrifa, telja peninga, segja hvað klukkan er). Segðu þeim að þetta verkefni fjalli um réttinn til að læra og þroskast.
- Skiptu börnunum í fjóra hópa og láttu hvern hóp fá pappírsörk, sem er nægilega stór til að hægt sé að teikna útlínur af einu barnanna á hana, og efnivið til að búa til klippimynd. Útskýrðu verkefnið fyrir þeim:
 - Hver hópur á að teikna útlínur af barni í raunstærð.
 - Veltið síðan fyrir ykkur hvað þið kunnið og í hverju þið eruð best. Veltið fyrir ykkur hvaða líkamshluti er nauðsynlegur til að geta gert viðkomandi hluti. Telja skal með líkamlega færni (t.d. syngja, hjóla), andlega færni (t.d. reikna, muna brandara) og persónulega færni (t.d. sýna vináttu, þegja yfir leyndarmáli).
 - Gerið síðan þessa þekkingu eða færni sýnilega: teiknið, skrifið eða límið eitthvað sem gefur þessi atriði til kynna á þann líkamshluta sem notaður yrði í hverju tilviki fyrir sig. Ef þið eruð t.d. góð í fótbolta gætuð þið teiknað fótbolta á fótinn (eða höfuðið?); ef þið eruð dugleg að lesa getið þið klippt út bók og sett hana nálægt augunum eða höfðinu; ef þið syngið vel getið þið látið nótur streyma út um munninn.
 - Hugsið ykkur einnig aðra hluti sem þið kunnið og getið gert, ekki bara það sem þið eruð best í.



3. Leyfðu börnunum að vinna að þessu verkefni þar til líkamsmyndin er orðin nokkurn veginn þakin teikningum/myndum/setningum o.s.frv.
4. Kallaðu börnin saman og segðu þeim að hver hópur eigi að kynna „barnið“ sitt fyrir hinum og greina frá hvað það kann og getur. Láttu þessar myndir hanga á veggnum þar til í næstu lotu, ef hægt er.

2. lota:

1. Segðu börnunum að ná í myndirnar sínar og fara aftur í litlu hópana sína. Leiðbeindu þeim á eftirfarandi hátt:
 - a. Veltið aftur fyrir ykkur þeirri þekkingu og færni sem þið létuð „barninu“ í té. Hvernig öðluðust þið þessa þekkingu og færni? Hvaða staður eða manneskja, stofnun eða aðstæður kenndi ykkur þessa hluti? Kannski hafið þið til dæmis lært að þrjóna eða spila á spil hjá ömmu ykkar, kannski lært einhvern leik hjá krökkum í næsta húsi við ykkur, eða fræðst um landið ykkar í skólanum.
 - b. Þegar þið hafið áttað ykkur á hvar þið lærðuð tiltekna hluti skuluð þið teikna ör sem vísar frá því atriði út á spássíuna og skrifa þar hvar þið lærðuð hlutina.
2. Kallaðu börnin saman á ný og segðu þeim að kynna niðurstöður sínar fyrir öllum hópnum. Skráðu jafnóðum niður hvar þau lærðu hlutina og merktu við þá í hvert sinn sem þeirra er getið.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Var auðvelt að finna út hvaða hluti þið getið gert?
 - b. Eru klippimyndirnar mjög ólíkar?
 - c. Gleymduð þið að setja einhver mikilvæg atriði á klippimyndina?
 - d. Munduð þið alltaf hvar þið lærðuð hlutina?
 - e. Lærðuð þið þá alla bara á einum stað / hjá einni manneskju?
 - f. Hvers vegna haldið þið að þið hafið verið beðin að rifja upp hvar þið öðluðust hæfni ykkar og þekkingu?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
 - a. Haldið þið að öll börn geti lært það sem þið minntust á? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
 - b. Hvaða manneskjur eða stofnanir eru börnum nauðsynlegar til að geta lært þetta?
 - c. Eru tiltekna manneskjur eða stofnanir mikilvægari en aðrar (er skóli til dæmis mikilvægari en íþróttafélag)?
 - d. Hvað gerist ef einhver þessara staða eða aðila er ekki til staðar?
 - i. Hvernig væri það til dæmis ef enginn skóli væri til? Hvernig geta börn þá lært að lesa og skrifa? Hvað gerist ef þau læra ekki að lesa og skrifa? Skiptir það máli? Hvaða áhrif myndi það hafa á líf þeirra?
 - ii. Hvernig væri það til dæmis ef þið hefðuð enga krakka til að leika við, hvorki foreldra né systkini til að læra af, eða ekkert æskulýðsstarf eða tómstundaklúbba?
 - iii. Hvernig er það til dæmis fyrir fatlað barn að geta ekki gengið í skóla, tekið þátt í tómstundastarfi eða leikið við aðra krakka?
 - e. Þið tengduð tiltekna líkamshluta við tiltekna þekkingu og færni. Hvað gerist ef barn er fatlað og getur ekki notað viðkomandi líkamshluta? Er hægt að gera hlutina eða tileinka sér þá á annan hátt? Hvernig gæti fatlað barn farið að því að þroska með sér annars konar hæfni?
 - f. Þekkið þið einhvern sem hefur takmarkaða möguleika á að læra? Hvernig haldið þið að hann/hún takist á við hlutina? Hjálpar þú honum/henni?
 - g. Hvers vegna haldið þið að börn njóti þeirra mannréttinda að mega læra og þroskast?



Tillögur um framhald

- Festið klippimyndirnar á vegg þar sem bæði börnin og aðrir geta séð þær.
- Verkefnið „Með bundið fyrir augu“, bls. 143, og „Mállaus ræðumaður“, bls. 140, vekja börn til umhugsunar um hvernig það er að vera fatlaður. Í verkefninu „Kæra dagbók“, bls. 115, eru þau beðin að velta fyrir sér sömu lífsreynslu með augum þriggja barna, eitt þeirra á við námserfiðleika að etja og annað er með ólæknandi sjúkdóm.

Hugmyndir um aðgerðir

- Fáðu einhvern sem á við námserfiðleika að etja eða fulltrúa frá frjálsum félagasamtökum, sem hefur með þann markhóp að gera, til að ræða um námserfiðleika og óhefðbundnar námsaðferðir við börnin.
- Kynntu ýmsar hugmyndir um námsstíla fyrir börnunum (sjá III. hluta, bls. 41), og leggðu áherslu á að fólk sé ólíkum gáfum gætt og að til séu ýmsar leiðir til að tileinka sér hlutina. Fáðu börnin til að skilgreina sinn eigin námsstíl og hvaða aðferðum þeim finnst auðvelt eða erfitt að beita. Reyndu að skipuleggja með börnunum hvernig þau geti hjálpað hvert öðru við námið.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Þessu verkefni mætti einnig haga þannig að börnin vinni tvö og tvö saman eða hvert barn búi til sína eigin mynd.
- Segðu börnunum að gefa „persónunni“ sinni nafn og skrifa það á klippimyndina, svo og nöfn allra sem eru í sama hópi.
- Sumum börnum kann að finnast erfitt að muna hvernig þau lærðu eitthvað, einkum ef þau hafa lært það af einhverjum utan hins hefðbundna menntakerfis. Minntu þau á að þau læra heilmikið hvert af öðru og af fjölskyldu sinni og fullorðnu fólki sem þau þekkja. Leiddu þeim fyrir sjónir að mikið megi læra af því að umgangast aðra krakka sem ekki er víst að fótluðum börnum standi til boða. Ekki þarf að fjalla um alla þá færni og kunnáttu sem börnin hafa skráð. Markmiðið er að þeim verði ljóst hve margir þeirra staða og aðila sem þau læra hlutina af eru mikilvægir.
- Í samantektinni skaltu hjálpa börnunum að átta sig á hvar og hvernig þau lærðu hlutina og hvað gerist þegar barn hefur ekki aðgang að slíkum stöðum, stofnunum, fólki eða aðstæðum.
- Leggðu áherslu á að allir eigi sama rétt á að læra, þó að allir læri kannski ekki á sama hátt.

